

Fimmtudaginn 5. mars 1992.

Nr. 274/1991. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Halli Magnússyni

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.).

Ærumeiðingar. Miskabætur. Opinberir starfsmenn. Ómerking ummæla. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Ríkissaksóknari hefur að ósk ákærða skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. júní 1991, en einnig af ákærvaldsins hálfu til sakfellingar samkvæmt ákæru, þyngingar á refsingu og hækkunar miskabóta. Að öðru leyti er krafist staðfestingar héraðsdóms.

Af hálfu ákærða er krafist sýknu af öllum kröfum ákærvaldsins, þar á meðal bótakröfu.

Með dómi Hæstaréttar 17. maí 1990 voru dómur sakadóms Reykjavíkur 20. júní 1989 í máli ákærvaldsins gegn ákærða og málsmeðferð felld úr gildi og málinu vísað frá héraðsdómi. Með bréfi ríkissaksóknara 13. júlí 1990 voru frumskjöl þess máls ásamt hæstaréttarágripi málskjala send sakadómi Reykjavíkur og þess krafist, að málið yrði tekið fyrir að nýju til dómsmeðferðar og dómsálagningar samkvæmt sömu ákæru og vísað hafði verið frá Hæstarétti. Sakadómi hafnaði þessari kröfu ríkissaksóknara með dómi 4. október 1990, og var sú niðurstaða hans staðfest í Hæstarétti með dómi 9. sama mánaðar. Ríkissaksóknari gaf síðan út 12. október 1990 ákæru þá, sem hér er til meðferðar, og var málið þingfest í sakadómi 25. sama mánaðar. Verður að telja málið réttilega upp tekið í skilningi lokamálsliðar 5. mgr. 82. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þarf því ekki að taka það til frekari meðferðar, hvort sök sé fyrnd.

Tildrög máls þessa eru rakin í héraðsdómi. Þar kemur fram, að kirkjugarðurinn í Viðey hefur aldrei verið í umsjá Dómkirkjuprestakalls, heldur verið undir stjórn kirkjugarða Reykjavíkurprófestsdæmis frá því í ágúst 1986, en þá var kirkjan í Viðey afhent Reykjavíkurborg. Það var þó Viðeyjarnefnd, en hún hafði á vegum Reykjavíkurborgar alla yfirstjórn framkvæmda í Viðey, sem tók ákvörðun um lagfæringu kirkjugarðsins. Framkvæmdirnar höfðu áður verið kynntar í borgarráði og borgarstjórn, og var sérstök fjárveiting ætluð til þessa verkefnis á fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir árið 1988. Framkvæmdir þessar voru í því fólgnar, að veggur í kringum garðinn var endurhlaðinn og garðflötin sléttuð. Meðan á framkvæmdum stóð, var sléttað yfir öll leiðin í garðinum, en síðan hafa leiði Gunnars Gunnarssonar skálds, konu hans og sonar verið hlaðin upp að nýju, en það eru nýjustu leiðin í garðinum. Framkvæmdir þessar urðu ákærða tilefni greinar, sem hann ritaði undir nafni í dagblaðið Tímenn 14. júlí 1988 og ber yfirskriftina: „Spjöll unnin á kirkjugarðinum í Viðey“. Eru ummæli í henni tilefni ákæru í máli þessu.

Borgarráð Reykjavíkur samþykkti 23. febrúar 1988 að ráða séra Þóri Stephensen, þáverandi dómkirkjuprest, til að gegna starfi staðarhaldara í Viðey um eins árs skeið frá og með 1. maí það ár. Var þetta tilkynnt séra Þóri með bréfi borgarstjóra 24. febrúar 1988. Hvorki var gerður við hann skriflegur ráðningarsamningur né fékk hann í hendur erindisbréf. Ljóst var þó, að honum var falið að vera fulltrúi borgaryfirvalda í Viðey.

Séra Þórir hafði hinn 22. febrúar, daginn fyrir ráðningu sína, komið fram í sjónvarpi og upplýst, að hann yrði staðarhaldari í Viðey. Davíð Oddsson borgarstjóri hafði skömmu áður farið þess á leit við séra Þóri, að hann réðist til þessa starfa. Þetta viðtal sætti athugasemdum í borgarráði. Séra Þórir fékk launalaust leyfi frá starfi dómkirkjuprests 15. júní 1988, og 15. júní 1989 var honum veitt lausn frá því embætti.

Þriðjudaginn 12. júlí 1988 birtist í dagblaðinu DV grein undir fyrirsögninni: „Leiði Gunnars Gunnarssonar í Viðey: Dráttarvél beitt án vitundar ættingja“. Kemur þar fram, að dráttarvél hafi verið notuð til að slétta yfir leiði í kirkjugarðinum í Viðey. Þetta

hafi verið gert án vitundar ættingja þeirra, sem þar séu grafnir. Í greininni er það haft eftir Gunnari Gunnarssyni, sonarsyni skáldsins, að hann hafi farið út í eyna helgina áður til að snyrta leiði föður síns og föðurforeldra, en ekki fundið þau, heldur moldarflag. Fannst Gunnari það jaðra við helgispjöll að beita dráttarvél á leiðin og átaldi, að ekki skyldi áður haft samráð við ættingja hinna látnu. Í sömu grein er haft eftir séra Þóri Stephensen, að farið hafi verið að lögum við lagfæringu kirkjugarðsins. Áður en framkvæmdir hófust, hafi þær verið auglýstar í Lögbirtingablaði og útvarpi, eins og lög mæli fyrir. Þá hafi verið haldinn fundur með þeim aðstandendum, sem gáfu sig fram. Áður en umræddar framkvæmdir hófust, hafi staðsetning leiða og legsteina verið reiknuð út, og allt yrði sett á sama stað aftur og gengið vel frá. Ákærði hefur staðfest, að greinin í DV hafi verið kveikjan að grein sinni í Tímanum, sem birtist tveimur dögum síðar.

Fram er komið, að séra Þórir Stephensen átti ekki aðild að ákvörðun um framkvæmdir í kirkjugarðinum og hafði ekki umsjón með þeim. Í auglýsingum um framkvæmdirnar var vísað til Hjörleifs B. Kvarans, formanns Viðeyjarnefndar, um nánari upplýsingar. Séra Þórir var hins vegar nefndinni innan handar, benti nefndarmönnum meðal annars á, hvernig staðið skyldi að auglýsingum um framkvæmdirnar, og sótti að ósk nefndarinnar fund, sem haldinn var með þeim, sem áttu skyldmenni grafin í garðinum. Gerði hann þar grein fyrir hugmyndum nefndarinnar ásamt Þorsteini Gunnarssyni arkitekt. Hann svaraði einnig fyrir framkvæmdirnar í DV, eins og áður er frá skýrt.

II.

Í ákæru kemur fram, að mál þetta er höfðað „fyrir óviðeigandi og móðgandi ummæli og ærumeiðandi aðdróttanir um opinberan starfsmann, séra Þóri Stephensen, þá dómkirkjuprest í Reykjavík, ... og í öllum tilvikum eru um séra Þóri út af starfi hans og embættisþjónustu sem dómkirkjuprests, en eru einnig, að því er varðar tilgreind ummæli í ákæruliðum A, 1. másl., B, 1. og 2. tölul., og C, fyrri másl., út af starfi séra Þóris sem staðarhaldara í Viðey...”. Í ákærunni eru ummælin, sem ákært er út af, talin varða við 108. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Lagagreinin hljóðar svo:

„Hver, sem hefur í frammi skammaryrði, aðrar móðganir í orðum eða athöfnum eða ærumeiðandi aðdróttanir við opinberan starfsmann, þegar hann er að gegna skyldustarfi sínu, eða við hann eða um hann út af því, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum. Aðdróttun, þótt sönnuð sé, varðar sektum, ef hún er borin fram á ótilhlýðilegan hátt.“

Greinin er í 12. kafla laganna, sem fjallar um brot gegn valdstjórninni. Varðar hún opinbera starfsmenn og opinber störf þeirra. Ummæli þau, er málið snýst um, eru um séra Þóri Stephensen. Sem fyrr segir, var hann, þegar þau birtust, í leyfi frá starfi sínu við dómkirkjuna í Reykjavík og hafði til bráðabirgða tekið við starfi staðarhaldara í Viðey á vegum Reykjavíkurborgar. Ummælin varða bæði störfin, og er blaðagrein ákærða beinlínis rituð út af stöðu séra Þóris sem staðarhaldara, en höfðar jafnframt til starfa hans í embætti dómkirkjuprests.

Ákvæði 108. gr. hegningarlaga voru á sínum tíma sett til að veita opinberum starfsmönnum ríkari æruvernd en öðrum mönnum, enda er hámarksrefsing þyngri eftir henni en hinum almennu ákvæðum um ærumeiðingar í 25. kafla laganna. Í framkvæmd hafa viðhorf til greinarinnar mótast þannig, að hún hefur nú aðallega réttarfarsþýðingu, þar sem málshöfðun samkvæmt henni ber undir saksóknara ríkisins, en ekki þann starfsmann, sem fyrir ærumeiðingu verður.

Orðin opinber starfsmaður hafa ekki fastmótaða og algilda merkingu í löggjöfni, og verður að skýra inntak þeirra eftir samhenginu. Um 108. gr. hegningarlaga hefur lengst af verið litið svo á, að orðin séu þar ekki notuð í viðtækustu merkingu, og beri að skýra þau með hliðsjón af þeim megintilgangi greinarinnar að vernda eðlilega framkvæmd stjórnslu. Beri að beita þrengjandi lögskýringu með tilliti til þess, að í greininni sé einkum átt við þá starfsmenn ríkis og sveitarfélaga, er fari með heimildir til ákvarðana, framkvæmdarvald eða fyrirsvar gagnvart almenningi eða einstökum þjóðfélagshópum og þurfi öðrum fremur að ganga fram fyrir skjöldu í þágu opinberra hagsmuna. Jafnframt felist það í orðum greinarinnar, að hún takmarkist við árásir út af verkum á starfssviði þess manns, er fyrir þeim verður. Þessar áherslur um túlkun lagagreinarinnar skipta minna máli en ella vegna þeirra

viðhorfa, sem fyrr getur, en einnig verður að telja ljóst, að henni sé ætlað að veita vernd fyrir árásum, sem til þess eru fallnar að veikja án fullnægjandi tilefnis traust almennings á hinni opinberu stjórnsýslu.

Samkvæmt landslögum teljast prestar þjóðkirkjunnar til embættismanna ríkisins. Eins og hefðbundnum viðhorfum til starfs þeirra er háttað, verður að telja vafalaust, að þeir geti notið verndar samkvæmt 108. gr. hegningarlaga. Á það við um presta ekki síður en marga veraldlega embættismenn, að þeir eigi mikið undir tiltrú almennings. Séra Þórir Stephensen hafði ekki látið af starfi dómkirkjuprests í Reykjavík, þegar á hann var ráðist með hinni umdeildu blaðagrein, og greininni var að verulegu leyti beint gegn framgöngu hans og heiðri í starfinu.

Sem staðarhaldari var séra Þórir starfsmaður Reykjavíkurborgar og þannig í opinberu starfi í skilningi 73. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986. Starfið var ekki fullmótað, þegar blaðagreinin var rituð, en meginþættir þess lágu nokkuð ljóst fyrir. Er inntaki þess skilmerkilega lýst í hinum áfrýjaða dómi. Í máli þessu er það meginatriðið, að staðarhaldaranum var falið að vera fulltrúi Reykjavíkurborgar í Viðey. Í starfsheitinu sjálfu fólst og skírskotun í þá átt, en það er tengt umsjón og stjórn kirkjujarða og stólseigna frá fornu fari. Vegna þessa fyrirsvarshlutverks voru það eðlileg viðbrögð af hálfu séra Þóris að veita skýringar á framkvæmdunum í Viðey, þegar blaðamenn báru þær upp við hann, og fór hann ekki út fyrir starfssvið sitt. Á sama hátt var eðlilegt, að greinarhöfundur yrði hugsað til staðarhaldarans, þegar kirkjugarðinn bar á góma, þótt honum hafi láðst að huga að því, hvar ábyrgðin á framkvæmdunum lægi í reynd. Má kalla blaðagreinina sjálfa sönnun þess, að staðarhaldarinn eigi að geta notið verndar 108. gr., en um það þarf ekki að efast, eins og starfið hefur nú verið skýrt. Var þannig heimilt að byggja ákæru í máli þessu á umræddri lagagrein.

Við skýringu á 108. gr. ber samkvæmt almennum lögskýringarreglum að hafa hliðsjón af 72. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, en hún er þannig:

„Hver maður á rétt á að láta í ljós hugsanir sínar á prenti; þó verður hann að ábyrgjast þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar tálmanir fyrir prentfrelsi má aldrei í lög leiða.“

Þessi lagaákvæði bæði ber og að skýra með tilliti til þeirra skuldbindinga um vernd æru, persónu- og tjáningarfrelsis í alþjóðlegum mannréttindasáttmálum, sem íslenska ríkið hefur fullgilt. Er þar að geta Mannréttindasáttmála Evrópu, sem birtur var með auglýsingu nr. 11/1954, og Alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórn málaaleg réttindi, sem gerður var á vegum Sameinuðu þjóðanna og birtur með auglýsingu nr. 10/1979.

III.

Mat á refsinaemi brota á sviði ærumeiðinga er vandasamt. Hefur þetta komið fram í tengslum við mál ákærða. Hafa verið birtar opinberar ályktanir og úrskurður siðanefndar blaðamanna, þar sem byggt er á gagnstæðum viðhorfum, en af því má ætla, að í þjóðfélaginu séu skoðanir skiptar.

Í ályktun stjórnar Rithöfundasambands Íslands, sem samþykkt var 28. febrúar 1989, segir, að stjórnin áliti endurtekinn málarekstur af þessu tagi bera vott um mjög varhugaverða þróun í átt til rit-skoðunar. Opinberir embættismenn eigi ekki að vera hafnir yfir gagnrýni, og þeir, sem um störf þeirra fjalli í fjölmiðlum, verði að geta gert það án þess að eiga yfir höfði stefnur frá ríkissaksóknara.

Í ályktun stjórnar Blaðamannafélags Íslands 14. mars sama ár segir, að stjórnin vari alvarlega við þeirri þróun í átt til ritskoðunar í landinu, að ríkissaksóknari höfði opinber mál á hendur einstaklingum fyrir skrif þeirra um opinbera embættismenn í fjölmiðlum á grundvelli 108. gr. hegningarlagna. Telur stjórn blaðamannafélagsins löngu tímabært, að lagagrein þessi verði endurskoðuð. Ákærur af hálfu hins opinbera séu vísastur vegur til að hefta eðlilega umfjöllun um öll gagnrýnisverð mál.

Á vegum sama félags, Blaðamannafélags Íslands, starfar siðanefnd, sem fjallar um kærur vegna brota á siðareglum félagsins. Í úrskurði siðanefndarinnar 6. desember 1990 vegna kæru séra Þóris út af blaðagrein ákærða segir í atkvæði meiri hluta, sem skipaður var fjórum af fimm nefndarmönnum, að ákvæði 5. greinar siðareglna upphefji ekki 2. og 3. grein þeirra. Í 5. gr. segir m.a., að siðareglurnar setji ekki hömlur á tjáningarfrelsi blaðamanna, sem skrifa undir fullu nafni afmarkaða þætti í fjölmiðlum, til dæmis gagnrýni, þar sem persónulegar skoðanir eru í fyrirrúmi. Í 2. grein

segir m.a., að blaðamanni sé ljós persónuleg ábyrgð á öllu, sem hann skrifar. Hann hafi í huga, að almennt er litið á hann sem blaðamann, þó að hann komi fram utan síns eiginlega starfssviðs í riti eða ræðu. Í 3. greininni segir m.a., að blaðamaður vandi upp- lýsingaöflun sína svo sem kostur er. Í niðurstöðu segir síðan:

„Þegar blaðamaður skrifar greinar utan síns eiginlega starfssviðs, verður eftir sem áður að gera ákveðnar kröfur til hans um vönduð vinnubrögð og ábyrgð. Sú krafa, sem 2. og 3. gr. siðareglna gera til blaðamanna, skerðir á engan hátt tjáningarfrelsi þeirra, þó að sú kvöð sé lögð þeim á herðar, að þeir kynni sér mál gaumgæfilega, áður en þeir láta skoðanir sínar í ljós.

Úrskurður siðanefndar er sá, að Hallur Magnússon hafi gerst brotlegur við þriðju grein siðareglna Blaðamannafélags Íslands. Brotið er ámælisvert.“

Í álitni minni hluta siðanefndar segir, að niðurstaðan sé sú, „að þótt skrif kærða séu stóryrt og ofsafengin og höfundu lítt til sóma, séu ekki fyrir hendi nægilega sterk né knýjandi rök til þess að svipta hann þeirri vernd, sem fyrrnefnt ákvæði 5. greinar siðareglna veitir blaðamönnum, sem skrifa „undir fullu nafni“ greinar, birtar „í afmörkuðum þætti“, þar sem „persónulegar skoðanir eru í fyrir- rúmi“, og grein hans því ekki brot á siðareglum Blaðamannafélags Íslands.“

IV.

Dómstólum ber að beita 108. gr. hegningarlagna eftir orðum hennar og lögskýringareglum íslenskrar réttarskipunar. Mælir ákvæðið fyrir um viðurlög, þegar raskað er friðhelgi manna og það tengist störfum þeirra og einkalífi. Er þetta samrýmanlegt 72. gr. stjórnarskrárinnar, enda mælir hún fyrir um ábyrgð á prentuðu efni.

Þau ummæli, sem tilgreind eru í ákæru, eru árás á séra Þóri Stephensen sem opinberan starfsmann og á hann persónulega. Sumt, sem í hinni átöldu grein segir, stafar af misskilningi varðandi staðreyndir, sem ákærði hirti ekki um að kynna sér til hlítar. Að nokkru felast í greininni lýsingar á skoðunum höfundar, sem settar eru fram með hörðum orðum. Tilefni greinarinnar voru fram- kvæmdir til að breyta kirkjugarðinum í Viðey á þann veg, sem

algennt er. Virðast framkvæmdirnar, eftir að þeim lauk, ekki hafa sætt almennri gagnrýni, því að í málinu kemur fram, að sá maður, sem borinn var fyrir frétt um spjöll í kirkjugarðinum, telur breytingarnar hafa tekist vel. Þó að skoðanir ákærða á breytingunum og aðferðum við þær svo og álit hans á séra Þóri Stephensen séu hans mál og megi að sjálfsögðu koma fram á prenti, verður eftir lögum að setja þær fram á þann hátt, að það sé í þágu málefna-legrar umræðu og að gætt sé þeirrar virðingar fyrir einkalífi annarra, sem almennt er virt í samfélaginu. Þegar 108. gr. hegningarlaganna er skýrð, ber að taka tillit til 72. gr. stjórnarskrárinnar. Lögvernd einkalífs kemur aðeins að litlu leyti fram í stjórnarskrár-ákvæðum, þ.e. 66. gr., um vernd heimila og skjala. Rík vernd einkalífs er hins vegar til dæmis í lögum nr. 121/1989 um skráningu og meðferð persónuupplýsinga. Með ofantalið í huga verður að fjalla um þau ummæli, sem ákært er fyrir í máli þessu.

V.

Hin átalda blaðagrein ákærða var prentuð í þættinum „Vettvangur“ og er þannig í heild:

„SPJÖLL UNNIN Á KIRKJUGARÐINUM Í VIÐEY

Séra Þórir Stephensen, sem skipaði sig sjálfur staðarhaldara í Viðey, er nú farinn að láta hendur standa fram úr ermum þar. Ekki er athæfi hans kristilegt, enda hafa pólitískar skoðanir hans og ráðríki ætíð komið á undan kristilegum náungakærleik sem þessi dómkirkjuprestur í raun og sanni ætti að hafa að leiðarljósi.

Séra Þóri þótti ekki við hæfi að hafa kirkjugarðinn í Viðey eins og hvern annan sveitakirkjugarð. Ónei. Hann á að vera rennisléttur og finn eins og kirkjugarðurinn í Gufunesi, nýtisku-kirkjugarður. Það skiptir hann engu þó að Reykjavíkurborg sé að eyða hátt í 300 milljónum til að koma Viðeyjarstofu og kirkjunni í Viðey í sem upprunalegast horf. Ónei. Þess háttar pjátur hefur ekkert með kirkjugarðinn fina að gera. Í stað þess að hafa eðlilegan, fallegan hólóttan íslenskan kirkjugarð, þá á að hafa garðinn sléttan og finan rétt eins og flatir breskra aðalssetra sem hafa verið slegnar og valtaðar oft á hverju sumri í fjögur hundruð ár. Kannske var fyrirmyndin sótt þangað. Ekki er hún þjóðleg.

Það hvarflaði ekki að séra Þóri að hafa samband við ættingja

þeirra er síðast voru jarðaðir í kirkjugarðinum í Viðey. Ónei, þeir hefðu kannske verið mótfallnir vilja séra Þóris. Slíkt líðst ekki. Það skiptir staðarhaldarann engu máli að um sé að ræða einn ástsælasta rithöfund Íslendinga sem fékk sína hinstu gröf í Viðey af sérstökum tilfinningalegum ástæðum. Ónei. Yfir slíkt valtar séra Þórir með dráttarvél.

Hvað ætli verði næsta stórvirki séra Þóris, sjálfskipaðs staðarhaldara í Viðey? Að malbika göngubraut í kringum eyna? Byggja sumarbústað fyrir sig og fjölskyldu sína í hlaði Viðeyjarstofu? Mála kirkjuna í Viðey heiðbláa, lit íhaldsins? Það er ekki gott að segja. En þar er alveg ljóst að íslenska ríkið gaf Reykjavíkurborg Viðey ekki í afmælisgjöf á 200 ára afmælinu, til að dómkirkjuprestur, sem skipar sjálfan sig staðarhaldara í Viðey, gæti unnið þar spjöll.

Séra Þóri var á sínum tíma hlíft við þeirri skömm að almenningur fengi að vita að hann hefði sjálfur skipað sig staðarhaldara í Viðey og að borgarráð bjargaði honum fyrir horn með því að ráða hann staðarhaldara í Viðey, eftir að dómkirkjupresturinn hafði komið sér í fjölmiðla og skýrt frá hinni nýju nafnbót. Að vísu er líklegt að íhaldið í Reykjavík hefði ráðið hann sem staðarhaldara, enda hefur séra Þórir verið duglegur við að troða íhaldsskoðunum sínum og sinna kollega í Sjálfstæðisflokknum inn í stólræður sínar.

Reyndar hefur hann sýnt í stólræðum sínum, þar sem hann blandar pólitík inn í orð Guðs, og með spjöllum í Viðey, að hann er alls óhæfur til að gegna þessum embættum. Þess vegna ætti hann að víkja.

Það verður að sjálfsögðu ekki, þar sem slíkt tíðkast ekki hjá þjóðkirkjunni, allra síst þegar um svo háttsettan frímúrara er að ræða. Hins vegar er vonandi að séra Þórir sjái nú brátt að sér og hagi sér í framtíðinni eins og vígður maður á að haga sér. Ef svo verður þá mun eyðilegging Viðeyjarkirkjugarðsins láta örlítið gott af sér leiða. En þar hafa hins vegar verið unnin spjöll sem aldrei verða bætt.

Undirritaður veit að greinarkorn þetta verður honum ekki til framdráttar, allra síst þegar ljóst er að það kemur við kaunin á háttsettum frímúrara. En það verður að hafa það. Greinarkornið er ritað í heilagri reiði, reiði yfir ófyrirgefianlegu skemmdarverki á heilögum stað sem skinheilagur maður ber ábyrgð á. Undirritaður

er ekki einn um þessa heilögu reiði, allir þeir, sem láta sig Viðey, þennan merka stað, einhverju varða, eru nú reiðir.

Vonandi verður þetta leiðindaatvik til þess að staðarhaldarinn í Viðey, borgaryfirvöld og aðrir, sem standa í framkvæmdum á viðkvæmum stöðum, fari sér hægt og ani ekki út í vitleysu, sem ekki er hægt að bæta, líkt og nú hefur gerst. Ef svo yrði, ættu þeir, er nú hafa fyllst réttlátri reiði vegna skemmdarverkanna í Viðey, að geta fyrirgefið séra Þóri mistök hans. En mistök eru til að læra af þeim.“

Greininni fylgdu tvær myndir, önnur af Viðey, hin af höfundi. Undir þeirri mynd var prentað: „Greinarkornið er ritað í heilagri reiði, reiði yfir ófyrirgefanlegu skemmdarverki á heilögum stað sem skinheilagur maður ber ábyrgð á.“

VI.

Í ákæru eru tiltekin ummæli úr greininni nefnd og krafist refsingar vegna þeirra. Jafnframt er þess krafist, að þau verði ómerkt. Af hálfu ákæruvaldsins er staðfest, að séra Þórir hafi krafist ómerkingar ummælanna. Þykir, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, mega fjalla um þessa kröfu ákæruvaldsins, þótt geta hefði mátt kröfu séra Þóris skýrar í ákæru, enda var málið fullreifað í málflutningi að þessu leyti.

Öll ummælin eru talin vera „um séra Þóri út af starfi hans og embættisþjónustu sem dómkirkjuprests“, en einnig að hluta „út af starfi séra Þóris sem staðarhaldara í Viðey“. Eins og á stendur, þykir þessi aðgreining ekki hafa þýðingu að lögum, þar sem 108. gr. hegningarlaga á við um bæði störfin. Verða hin átöldu ummæli nú tiltekin og virt:

Úr inngangi greinarinnar:

A (1) „skipaði sig sjálfur staðarhaldara í Viðey“. Þó að ummæli þessi feli í sér móðgun, þykir það ekki vera í þeim mæli, að varði við 108. gr. eða að til ómerkingar leiði.

A (2) „Ekki er athæfi hans kristilegt“, og

A (3) „hafa pólitískar skoðanir hans og ráðríki ætíð komið á undan kristilegum náungakærleik“. Fyrri ummælin eru móðgun, en þau síðari ærumeiðandi aðdróttun. Þau varða refsingu eftir 108. gr. og ómerkingu eftir 1. mgr. 241. gr. hegningarlaga.

Úr meginmáli greinarinnar:

B 1 „sjálfskipaðs staðarhaldara í Viðey“. Um þessi orð er hið sama að segja og A (1) hér að framan.

B 2 „sjálfur skipað sig staðarhaldara í Viðey“ og „borgarráð bjargaði honum fyrir horn“. Um þetta er hið sama að segja og greinir hér næst á undan.

B 3 „Reyndar hefur hann sýnt í stólræðum sínum, þar sem hann blandar pólitík inn í orð Guðs, og með spjöllum í Viðey, að hann er alls óhæfur til að gegna þessum embættum. Þess vegna ætti hann að víkja“. Þó að skoðanir ákærða á séra Þóri Stephensen séu ekki atriði, sem lög láta sig varða, eru þær hér settar fram á þann hátt, án fullnægjandi réttlætningar, þar sem það gæti átt við, að í þeim felst brot á 108. gr. hegningarlaga. Þá ber að ómerkja ummælin eftir 1. mgr. 241. gr. laganna.

Úr meginmáli og texta undir mynd:

„ófyrirgefanelgu skemmdarverki“. Eins og sjá má hér að ofan, var ákærði þeirrar skoðunar, að í Viðey ætti að hafa „eðlilegan, fallegan, hólóttan íslenskan kirkjugarð“, og láta lögin sig það ekki varða fremur en aðrar skoðanir hans. Hin átöldu ummæli eru að vísu svo hóflítill, að þau falla undir efnislýsingu 108. gr. hegningarlaga, móðgun fremur en aðdróttun, eins og þau eru orðuð, en þykja þó ekki vera með þeim hætti, að rétt sé að telja þau refsiverð eða að ómerkja þau.

„skinheilagur maður“. Þessi orð eru alvarleg móðgun, sem varða refsingu og ómerkingu.

VII.

Niðurstaða máls þessa er sú, að ákærða verður dæmd refsing vegna þeirra ummæla hans, sem varða við 108. gr. almennra hegningarlaga. Refsingin er hæfilega ákveðin í héraðsdómi.

Þá ber að ómerkja áður talin ummæli.

Eftir þessu ber að dæma ákærða til að greiða séra Þóri Stephensen miskabætur samkvæmt 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga, og er fjárhæð þeirra hæfilega ákveðin í hinum áfrýjaða dómi. Ber að greiða þær með vöxtum, eins og í dómsorði segir.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms verður staðfest, þó þannig, að

saksóknariaun í ríkissjóð verða 100.000 krónur. Ákærða ber að greiða áfrýjunarkostnað, eins og segir í dómsorði

D ó m s o r ð:

Ákærði, Hallur Magnússon, greiði 60.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi þriggja vikna varðhald í stað sektar, ef hún verður ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Framangreind ummæli eru ómerkt.

Ákærði greiði séra Þóri Stephensen 150.000 krónur í miskabætur með vöxtum frá uppkvaðningu dóms þessa til greiðsludags eftir 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. nú 2. gr. laga nr. 67/1989.

Málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms er staðfest, þó þannig, að saksóknarlaun í ríkissjóð verða 100.000 krónur.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal saksóknarlaun í ríkissjóð, 50.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Ragnars Aðalsteinsonar hæstaréttarlögmanns, 80.000 krónur.

S é r a t k v æ ð i

Hrafns Bragasonar hæstaréttardómara.

I.

Í ákæru kemur fram, að mál þetta er höfðað „fyrir óviðeigandi og móðgandi ummæli og ærumeiðandi aðdróttanir um opinberan starfsmann, séra Þóri Stephensen, þá dómkirkjuprest í Reykjavík, ... og í öllum tilvikum eru um séra Þóri út af starfi hans og embættisþjónustu sem dómkirkjuprests, en eru einnig, að því er varðar tilgreind ummæli í ákæruliðum A, 1. másl., B, 1. og 2. tölul., og C, fyrri másl., út af starfi séra Þóris sem staðarhaldara í Viðey...“.

Í ákærunni eru ummælin, sem ákært er út af, talin varða við 108. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Greinin hljóðar svo:

„Hver, sem hefur í frammi skammaryrði, aðrar móðganir í orðum

eða athöfnum eða ærumeiðandi aðdróttanir við opinberan starfsmann, þegar hann er að gegna skyldustarfi sínu, eða við hann eða um hann út af því, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum. Aðdróttun, þótt sönnuð sé, varðar sektum, ef hún er borin fram á ótilhlýðilegan hátt.“ Ákvæði þetta er í 11. kafla laganna, sem ber yfirskriftina: „Brot gegn valdstjórninni“. Í greinargerð með lögnum kemur fram, að ákvæði þessa kafla eru sett til að vernda framkvæmd opinberra starfa. Brot samkvæmt honum sæta opinberri ákæru. Í 25. kafla sömu laga er hins vegar að finna almenn ákvæði um ærumeiðingar. Skýra ber ákvæði 108. gr. almennra hegningarlaga með hliðsjón af þeim megintilgangi hennar að vernda eðlilega framkvæmd á opinberu valdi. Greinin veitir opinberum starfsmönnum ríkari æruvernd en öðrum mönnum, þegar þeir koma fram í starfi eða út af því, enda er hámarksrefsing þyngri eftir henni en 25. kafla laganna. Ákvæðið er þannig undantekningarákvæði frá almennum ákvæðum laganna og ber því að skýra þröngt. Þegar það er virt og tilgangur lagaákvæðisins samkvæmt framansögðu, þykir tilefni ummæla, sem falla undir ákvæðið, verða að vera verk, sem er á starfsviði þess, sem ummælin beinast að.

II.

Við skýringu á 108. gr. almennra hegningarlaga ber samkvæmt almennum skýringarreglum að hafa hliðsjón af 72. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, en hún er þannig:

„Hver maður á rétt á að láta í ljós hugsanir sínar á prenti; þó verður hann að ábyrgjast þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar tálmanir fyrir prentfrelsi má aldrei í lög leiða.“

Þessi lagaákvæði ber og að skýra með tilliti til þeirra skuldbindinga um vernd æru, persónu- og tjáningarfrelsis í alþjóðlegum mannréttindasáttmálum, sem íslenska ríkið hefur fullgilt. Er þar að geta Mannréttindasáttmála Evrópu, sem birtur var með auglýsingu nr. 11/1954, og Alþjóðasamnings um borgarleg og stjórnmálaleg réttindi, sem gerður var á vegum Sameinuðu þjóðanna og birtur með auglýsingu nr. 10/1979.

Fram er komið, að tilefni ákæru er grein, er rituð var vegna framkvæmda við kirkjugarðinn í Viðey. Ummælin, sem málið snýst um, eru um séra Þóri Stephensen. Sem fyrr segir, var hann, þegar þau

birtust, í leyfi frá störfum við dómkirkjuna í Reykjavík og hafði tekið við starfi staðarhaldara í Viðey á vegum Reykjavíkurborgar. Þau ummæli greinarinnar, er beinast að séra Þóri sem dómkirkju-presti, varða ræður prestsins, og verður til þess að líta við skýringu á 108. gr. almennra hegningarlaga. Þótt prestar þjóðkirkjunnar séu embættismenn ríkisins, sbr. 62. gr. stjórnarskrárinnar, skal samkvæmt 63. gr. hennar ríkja trúfrelsi á Íslandi, og samkvæmt grunnreglu 64. gr. hennar skal vera jafnræði milli manna af hinum ýmsu trúarbrögðum. Því verður hið boðaða orð trúarbragðanna að vera jafnrétt hátt. Þegar greinin var rituð, hafði séra Þórir tekið við starfi staðarhaldara, og hann hafði tekið upp vörn fyrir framkvæmdirnar opinberlega. Á þessum tíma hafði ekkert erindisbréf verið birt um starfssvið staðarhaldara. Var ákærða því nokkur vorkunn, að hann skyldi telja séra Þóri koma fram í krafti staðarhaldarastarfsins, þegar hann svaraði fyrir framkvæmdirnar í DV.

Í 73. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 segir m.a.: „Starfsmenn við stjórnslu sveitarfélags hafa réttindi og skyldur opinberra starfsmanna.“ Af þessu þykir leiða, að starf staðarhaldara í Viðey, en starfið er á vegum Reykjavíkurborgar, geti að öðrum skilyrðum fullnægðum fallið undir 108. gr. almennra hegningarlaga, miðað við þær upplýsingar, sem nú liggja fyrir.

Grein ákærða fjallar um opinber málefni, framkvæmdirnar í Viðey, og er þannig þáttur í opinberri umræðu. Hún er með æsi-brag, persónuleg og færð í stílinn og dæmir sig því að nokkru leyti sjálf. Með hliðsjón af opinberu tilefni greinarinnar og efni hennar í heild verður ekki talið, að þar sé svo langt gengið, að varði refsingu samkvæmt 108. gr. almennra hegningarlaga, sem skýra ber með hliðsjón af grundvallarreglum um frelsi manna til að tjá sig í ræðu og riti, svo sem að framan greinir. Þegar af þessum ástæðum ber að sýkna ákærða af kröfum ákæruvalds um brot á 108. gr. almennra hegningarlaga. Við það bætist, að þau ummæli greinarinnar, sem varða ræður séra Þóris Stephensens, varða ekki vegna ákvæða stjórnarskrár um trúfrelsi og jafnræði trúarbragðanna talin geta fallið undir 108. gr. almennra hegningarlaga. Af framangreindum sökum get ég ekki samþykkt atkvæði meiri hluta dómenda, sem felst á kröfu ákæruvaldsins um refsingu ákærða samkvæmt greininni.

Að því er varðar ómerkingu ummæla og miskabætur til séra Þóris Stephensens, get ég að öllu verulegu leyti samþykkt atkvæði meiri hluta dómenda.

IV.

Málarekstur þessi hefur reynst embætti ríkissaksóknara torsóttur, og á hefur skort, að nægilega traustur grunnur væri að honum lagður í upphafi, og ákæru er enn nokkuð ábótavant. Rétt þykir því, að sakarkostnaður allur bæði í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði að undanskildum málsvarnarlaunum verjanda ákærða fyrir Hæstarétti.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 7. júní 1991.

Ár 1991, föstudaginn 7. júní, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jónasi Jóhannssyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 307/1991: Ákærvaldið gegn Halli Magnússyni, sem tekið var til dóms 13. f.m.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 12. október 1990, á hendur ákærða, Halli Magnússyni dagskrárgerðarmanni, Hraunbæ 126, Reykjavík, kt. 080462-4849, „fyrir óviðeigandi og móðgandi ummæli og ærumeiðandi aðdróttanir um opinberan starfsmann, séra Þóri Stephensen, þá dómkirkjuprest í Reykjavík, í grein, er ákærði ritaði undir fullu nafni og birtist í dagblaðinu Tímanum, 158. tölublaði 72. árgangs, 14. júlí 1988 og í öllum tilvikum eru um séra Þóri út af starfi hans og embættisþjónustu sem dómkirkjuprests, en eru einnig, að því er varðar tilgreind ummæli í ákæruliðum A, 1. másl., B, 1. og 2. tölul., og C, fyrri másl., út af starfi séra Þóris sem staðarhaldara í Viðey, er hann á þeim tíma hafði verið ráðinn tímabundinni ráðningu til þess að gegna á vegum Reykjavíkurborgar, en í því starfi fólst að hafa umsjón og eftirlit með eignum og væntanlegri starfsemi Reykjavíkurborgar í Viðey.

Grein ákærða er í heild ósvífin og móðgandi, hefur að geyma aðdróttanir og er sett fram og birt á ótilhlýðilegan hátt og af illfýsi.

Einstök ummæli, sem ákært er fyrir, eru í eftirgreindum setningum blaðagreinarnar, undirstrikuð og auðkennd innan tilvitnunarmerkja, sem hér greinir:

A. Inngangsorð:

Séra Þórir Stephensen, sem „*skipaði sig sjálfur staðarhaldara í Viðey*“, er nú farinn að láta hendur standa fram úr ermum þar. „*Ekki er athæfi*

hans kristilegt,“ enda „hafa pólitískar skoðanir hans og ráðríki ætíð komið á undan kristilegum náungakærleik“, sem þessi dómkirkjuprestur í raun og sanni ætti að hafa að leiðarljósi.

B. Ummæli í meginmáli greinarinnar:

1. Hvað ætli verði næsta stórvirki séra Þóris, „sjálfskipaðs staðarhaldara í Viðey?“

2. Séra Þóri var á sínum tíma hlíft við þeirri skömm, að almenningur fengi að vita, að hann hefði „sjálfur skipað sig staðarhaldara í Viðey“ og að „borgarráð bjargaði honum fyrir horn“ með því að ráða hann staðarhaldara í Viðey, eftir að dómkirkjupresturinn hafði komið sér í fjölmiðla og skýrt frá hinni nýju nafnbót.

3. „Reyndar hefur hann sýnt í stólræðum sínum, þar sem hann blandar pólitík inn í orð Guðs, og með spjöllum í Viðey, að hann er alls óhæfur til að gegna þessum embættum. Þess vegna ætti hann að vika.“

C. Bæði í meginmáli greinarinnar og endurtekið innan tilvitnunar undir mynd af greinarhöfund:

Greinarkorn þetta er ritað í heilagri reiði, reiði yfir „ófyrrigefanlegu skemmdarverki“ á heilögum stað, sem „skinheilagur maður“ ber ábyrgð á.

Framangreind ummæli þykja varða við 108. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, að einstök ummæli, sem ákært er fyrir, verði samkvæmt 1. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga dæmd ómerk, að ákærði verði samkvæmt 1. mgr. 264. gr. sömu laga að kröfu séra Þóris Stephensens dæmdur til greiðslu miskabóta, 250.000 kr. eða annarrar fjárhæðar, ef krafist verður, og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Verjandi ákærða, Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður, krefst þess, að ákærði verði sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins í málinu og að allur sakarkostnaður verði lagður á ríkissjóð.

Í niðurlagi ákæruskjals segir, að ákæran sé út gefin að undangengnum dómum Hæstaréttar Íslands, upp kveðnum 17. maí 1990 og 9. október s.á., en með fyrri dóminum var dómur sakadóms Reykjavíkur frá 20. júní 1990 í máli ákæruvaldsins gegn ákærða og málsmeðferð felld úr gildi sökum ágalla á málatilbúnaði ákæruvaldsins og málinu vísað frá héraðsdómi. Stóðu að þessari niðurstöðu þrír af fimm dómurum Hæstaréttar, en tveir vildu í meginatriðum staðfesta dóm sakadóms. Þessi niðurstaða meiri hlutans var áréttuð í síðari dóminum, eftir að ákæruvaldið krafðist þess, að málið yrði tekið fyrir að nýju í sakadómi á grundvelli fyrri ákæru. Þeirri kröfu var hafnað, og staðfesti Hæstiréttur þá niðurstöðu.

Málavextir.

Þriðjudaginn 12. júlí 1988 birtist í dagblaðinu DV grein með fyrirsögninni: „Leiði Gunnars Gunnarssonar í Viðey: Dráttarvél beitt án vitundar ættingja.“ Þar segir, að dráttarvél hafi verið notuð við lagfæringar á kirkjugarðinum í Viðey og m.a. verið beitt til þess að slétta þar leiði án vitundar ættingja þeirra, sem þar eru grafnir. Í greininni er haft eftir Gunnari Gunnarssyni, sonarsyni Gunnars Gunnarssonar rithöfundar, að hann hafi farið út í eyna helgina áður til að snyrta þar leiði föður síns og föðurforeldra, en ekki fundið þau, heldur eitt moldarflag. Fannst Gunnari það jafra við helgispjöll að beita dráttarvél á leiðin með framangreindum hætti án þess að hafa samráð við ættingja hinna látnu. Klaufalega hefði verið að þessu staðið og vinnubrögðin ósnyrtileg. Í sömu grein er haft eftir séra Þóri Stephensen, staðarhaldara í Viðey, að farið hefði verið að lögum við lagfæringu kirkjugarðsins. Áður en framkvæmdirnar hófust, hefðu þær verið auglýstar, eins og lög mæltu fyrir, í Lögbirtingablaði og útvarpi. Síðan hefði verið haldinn fundur með aðstandendum þeirra, sem gáfu sig fram, og lýstu þeir allir ánægju sinni yfir því, „að nú loksins skyldi garðurinn verða settur í gott lag, fegraður og prýddur“, eins og séra Þórir komst að orði. Þá var haft eftir honum, að þetta væri ekkert einsdæmi og víða um land væru kirkjugarðar sléttaðir og snyrtir. Þá hefði, áður en umræddar framkvæmdir hófust, verið reiknuð nákvæmlega út staðsetning leiða og legsteina og allt yrði sett á sama stað og gengið vel frá. Yrði lagfæringin unnin af eins mikilli nærgætni og umhyggju og kostur væri.

Hinn 14. júlí 1988 var síðan birt í dagblaðinu Tímanum, 158. tbl. 72. árg., grein sú, sem ákært er út af í máli þessu, en undir greinina, sem ber fyrirsögnina: „Spjöll unnin á kirkjugarðinum í Viðey“, ritaði ákærði, Hallur Magnússon, fullu nafni. Ákærði, sem þá var starfandi blaðamaður við Tímann, hefur staðfest, að greinin í DV hafi verið kveikjan að skrifum sínum.

Mál þetta var þingfest 25. október 1990 að undangengnum dómi saka-dóms Reykjavíkur og tveimur dómum Hæstaréttar, sem áður er getið. Við næstu fyrirtekt málsins, 4. janúar sl., krafðist verjandi ákærða, Ragnar Aðalsteinsson hrl., þess, að málinu yrði vísað frá dómnum, þar sem Hæstiréttur hefði í dómi sínum frá 17. maí 1990 komist að þeirri niðurstöðu, að kærandinn, séra Þórir Stephensen, væri í starfi sínu sem staðarhaldari í Viðey ekki opinber starfsmaður í skilningi 108. gr. almennra hegningarlaga, og væri sú niðurstaða bindandi fyrir þann dómstól sem og aðra dómstóla í landinu. Ákærvaldið skorti því lagaheimild til að fara með málið. Frávísunarkröfunni, sem mótmælt var af hálfu ákærvaldsins, var hafnað með úrskurði dómsins, upp kveðnum 7. s.m.

Ákærði hefur síðan við meðferð málsins staðfest, að hann hafi samið og fengið birta í umræddu tölublaði dagblaðsins Tímans grein þá um séra Þóri Stephensen, sem greinir í ákæruskjali, en ákærði var þá blaðamaður við Tímann. Áður hefði ákærði borið greinina undir annan ritstjóra blaðsins, Indriða G. Þorsteinsson, og fengið samþykki hans fyrir birtingunni í dálki þeim, sem Vettvangur heitir. Farið hefði verið með umrædda grein sem hverja aðra aðsenda grein, sem birtar séu í nefndum dálki, og ákærði ritað hana undir fullu nafni, svo sem tíðkanlegt væri. Kannast hann ekki við að hafa brotið af sér á nokkurn hátt með birtingu greinarinnar og kveðst geta staðið við allt, sem þar segir, miðað við þær forsendur, sem fyrir lágu, þegar greinin var rituð.

Ákærði kveður áðurnefnda frétt í DV vera kveikjuna að því, að hann ritaði grein sína í Tímann, en aðdragandinn ætti sér þó lengri sögu. Hafi ákærði lengi verið sérstakur áhugamaður um Viðey og átt þess kost á umræddum tíma sem varaborgarfulltrúi fyrir Framsóknarflokkinn að fylgjast vel með uppbyggingu staðarins frá byrjun, þ. á m. endurbótum á Viðeyjarstofu og Viðeyjarkirkju og lagfæringum á grindverki í kringum kirkjugarðinn. Segir ákærði borgarráð aðeins hafa samþykkt lagfæringu grindverksins, enda hefði hugmynd borgaryfirvalda verið sú að reyna að koma kirkjugarðinum í það horf, sem hann var í við byggingu, og í sem mest samræmi við upphaflega teikningu. Þegar síðan kom á daginn, að kirkjugarðurinn hefði verið lagður í rúst, eins og gert var að mati ákærða, og illa raskað gróf Gunnars Gunnarssonar rithöfundar, eiginkonu hans og sonar, m.a. með notkun dráttarvélar, reiddist ákærði gifurlega, og var honum loks nóg boðið, þegar hann las í frétt DV ummæli séra Þóris, sem titlaði sig staðarhaldara og varði aðgerðirnar í Viðey, er hann taldi fullkomlega eðlilegar. Fannst ákærða hann þá verða að mótmæla þessu og gerði það á þann hátt, sem nú hefði verið ákært fyrir.

Ákærði telur, að séra Þórir beri siðferðislega ábyrgð á framkvæmdunum í Viðey og hafi reyndar gert það, allt frá því að kirkjustaðurinn gekk undir Dómkirkjuprestakall í ágúst 1986. Eftir að hafa síðan verið ráðinn tíma-bundinni ráðningu sem staðarhaldari frá 1. maí 1988, hafi séra Þórir borið ábyrgð á framkvæmdunum sem slíkur. Því hafi hann svarað fyrir framkvæmdirnar í DV og rætt við ættingja þeirra, sem jarðsettir væru í Viðey og gefið höfðu sig fram eftir auglýsingu um fyrirhugaðar framkvæmdir við kirkjugarðinn. Þá hafi séra Þórir frá 1. maí tekið á móti gestum, sem skoðað hefðu eyna, kynnt þeim þær framkvæmdir, sem í gangi væru, og komið að öllu leyti fram sem sá aðili, er hefði með þeim umsjón. Einnig telur ákærði sig vita, að séra Þórir hafi verið ritari Viðeyjarnefndar og tekið þátt í störfum hennar. Að öllu þessu athuguðu virðist ákærða ábyrgð séra Þóris vera augljós og gagnrýninni því réttilega að honum beint.

Verður nú gerð grein fyrir framburði ákærða með hliðsjón af einstökum ummælum í blaðagrein hans, sem ákært er fyrir.

A. *Inngangsorð.*

Ákærði kveður ekki annað verða séð en séra Þórir hafi sjálfur skipað sig staðarhaldara í Viðey með því að koma fram í kvöldfréttum Ríkissjónvarpsins (RÚV) mánudaginn 22. febrúar 1988, lýsa yfir því, að hann hafi verið ráðinn staðarhaldari, og gera svo grein fyrir því starfi. Þetta kvöld hafi enginn haft hugmynd um þessa stöðu annar en séra Þórir og hugsanlega borgarstjórinn í Reykjavík, svo sem síðar hefði komið í ljós. Þannig vissi enginn í borgarráði, að til stæði að stofna til þessa embættis, en það væri þó í valdi ráðsins og það eitt gæti ráðið í stöðuna.

Það hafi svo verið á fundi borgarráðs daginn eftir, að einn fulltrúanna vakti athygli á frétt RÚV. Borgarstjóra hefði verið brugðið við þetta, en hann síðan tekið málið fyrir sem fyrsta mál fundarins, fram fyrir boðaða dagskrá. Í framhaldi af því hafi á þessum sama fundi verið gert „heiðursmannasamkomulag“ um að ráða séra Þóri staðarhaldara í Viðey, enda hafi borgarráðsmönnum fundist málið „pínlegt“ og ekki viljað gera meira úr þessu frumhlaupi séra Þóris. Telur ákærði, að borgarráð hafi með þessari samþykkt bjargað séra Þóri fyrir horn.

Ákærði telur það ekki kristilegt athæfi að raska grafarhelgi manna, svo sem gert var í Viðey, en þar hafi m.a. grafreit Gunnars Gunnarssonar rithöfundar og fjölskyldu hans verið raskað með notkun dráttarvélar. Teljist þetta kristilegar aðfarir, viti ákærði ekki, hvar sé komið kristindómi í landinu.

Ákærði kveður það altalað og alvitað, að séra Þórir hafi verið afar pólitískur í starfi sínu sem dómkirkjuprestur, þ. á m. í stólræðum sínum. Hins vegar ætti ákærði erfitt með að sanna þetta fyrir dómnum, þar sem predikanir séra Þóris hefðu fæstar verið hljóðritaðar eða varðveittar á annan hátt. Þá fyndust ekki segulbandsupptökur af messum hans á árunum 1987-1988, og virtist sem þeim hefði öllum verið eytt. Við ritun umræddrar blaðagreinar hefði ákærði þó umfram allt haft í huga það atvik, er presturinn úthúðaði Kvinnalistanum í útvarpsmessu haustið 1987 fyrir störf flokksins sem stjórn málafls og vændi kvinnalistakonur um ábyrgðarleysi með því að vilja ekki vera í ríkissjórn landsins. Segir ákærði fjölda fólks geta vitnað um það, hve ósmekklegr ummæli séra Þóris voru.

Þá hafi ákærði einnig haft í huga samþykkt Sambands ungra sjálfstæðismanna (SUS), sem sonur séra Þóris hefði lagt fram á SUS-þingi í Vestmannaeyjum, en sonurinn var þá formaður Heimdallar. Séra Þórir hafi síðan í kveðjupredikun sinni í dómkirkjunni hrósað þessum ungliðasamtökum framar öðrum í landinu. Í sömu ræðu hafi presturinn svo tengt and-

stæðinga ráðhússins, sem þá var eitt helsta pólitíska hitamálið meðal borgarbúa, við skemmdarverk á stytta Tómasar Guðmundssonar skálds og lagt þetta tvennt að jöfnu.

Varðandi ráðríki séra Þóris segist ákærði einkum hafa haft tvö atvik í huga, sem sýni að hans mati, að kristilegur náungakærleikur hafi ekki setið í fyrirrúmi hjá prestinum. Hið fyrra sé, þegar hann þröngvaði organista dómkirkjunnar úr starfi, en sá hefði þjónað söfnuðinum í fjölda ára, áður en séra Þórir kom þar til starfa. Síðara atvikið sé, þegar séra Þórir rak einn söngvara dómkirkjukórsins, jafnt úr kórnum sem úr kirkjunni, fyrir opnu húsi.

B. Ummæli í meginmáli greinarinnar.

B-1. Varðandi þessi ummæli vísast til þess, sem ákærði segir í kaflanum hér að framan.

B-2. Hið sama gildir um ummæli þau, sem ákært er fyrir í þessum tölu-lið.

B-3. Ákærði kveðst um þennan lið vísa til þess, sem hann hefur áður sagt um pólitískar skoðanir séra Þóris og hvernig hann hafi blandað þeim inn í orð Guðs í stólræðum sínum. Jafnframt bendir ákærði máli sínu til stuðnings á ræðu séra Þóris við útför Jóhanns Hafsteins í apríl 1980. Þá sé það skoðun sín, að séra Þóri hefði á sínum tíma borið siðferðisleg skylda til þess sem þjónandi dómkirkjuprests að láta ættingja þeirra, sem grafnir væru í Viðey og heyrðu því undir sókn hans, vita af fyrirhuguðum framkvæmdum við kirkjugarðinn, a.m.k. þá ættingja, sem auðvelt hefði verið að ná til. Væri það persónulegt mat ákærða, að með framangreindu hátt-erni og spjöllunum í Viðey hefði séra Þórir sýnt, að hann bæri hvorki skynbragð á störf dómkirkjuprests né staðarhaldara og væri því óhæfur til að gegna þessum embættum. Því hefði hann átt að víkja úr þeim báðum.

C. Ummæli í meginmáli greinarinnar, sem endurtekin eru innan tilvitnunar undir mynd af ákærða.

Ákærði segir, að sér hafi fundist sléttun kirkjugarðsins í Viðey með dráttarvél hafa verið ófyrirgefanlegt skemmdarverk á heilögum stað, sem fyllt hefði sig heilagri reiði. Um væri að ræða næstum þúsund ára gamlan kirkjugarð, sem hlotið hefði blessun bæði í lúterskum og kaþólskum sið. Væri það ein ástæðan til þess, að Gunnar Gunnarsson rithöfundur og eiginkona hans, Franciska, hefðu verið jörðuð þar, en hún hefði verið kaþólskrar trúar. Ákærði telur, að séra Þórir hefði í starfi sínu sem staðarhaldari átt að geta komið í veg fyrir það skemmdarverk, sem unnið var á leiðum þessara hjóna, sem og aðrar skemmdir, sem unnar voru á kirkjugarðinum.

Segist ákærði þá eiga við sléttun hans með dráttarvél, en leiðin hafi öll nánast verið jöfnuð við jörðu.

Ákærði kveður þá siðferðislegu ábyrgð, sem séra Þórir beri á skemmdarverkunum í Viðey, sýna ákveðna siðblindu, en séra Þórir með menntun sína og starfsreynslu sem prestur ætti að mati ákærða að hafa dýpri skilning á mannlegum tilfinningum en fram hefði komið í afskiptum hans af kirkjugarðsmálinu. Hér skipti lagaleg ábyrgð engu máli, heldur umfram allt hin siðferðislega ábyrgð. Að afneita ábyrgð á mistökum sínum í Viðey telur ákærði bera vott um skinhelgi séra Þóris. Með tilvitnuðum orðum í greininni, að séra Þórir sé „skinheilagur maður“, kveðst ákærði eiga við, að hann sé sú manngerð, sem komi fram í ákveðnum heilagleik í orði, en sýni hann ekki á borði.

Ákærði telur framangreind ummæli sín um séra Þóri vera innan þeirra marka, sem grunnreglur um tjáningarfrelsi vernduðu. Blaðgreinin hafi ekki verið rituð af illfýsi í garð séra Þóris, sem ákærði hefði aldrei hallmælt við nokkurn mann fyrir ritun greinarinnar. Því mótmæli hann ákærinni sem og fram lagðri skaðabótakröfu séra Þóris og kveður hvort tveggja vera alveg út í hött.

Vitnið Indriði G. Þorsteinsson, kt. 180426-3459, kannast við, að ákærði hafi sýnt sér blaðagrein þá, sem mál þetta er risið af, og jafnframt borið undir sig, hvort hún fengist birt í blaðinu. Vitnið hafi ekki séð neitt því til fyrirstöðu, enda hefði verið fullt samkomulag um það milli sín og ákærða, að greinin yrði birt í dálki fyrir aðsent efni og í nafni ákærða og á fullri ábyrgð hans. Segist vitnið líta svo á, að ákærði hafi ritað umrædda grein sem borgarfulltrúi, en ekki blaðamaður við Tímann.

Vitnið Þórir Stephensen, kt. 010831-2109, kveður aðdraganda að því, að það tók við starfi staðarhaldara í Viðey, vera þann, að það hafi um áramótin 1987-1988 haft hug á að leita að nýju starfi af heilsufarsástæðum, enda undir miklu álagi sem dómkirkjuprestur í Reykjavík. Borgarstjóri muni hafa frétt af þessu og færði það í tal við vitnið, hvort það hefði áhuga á að gerast yfirmaður allrar starfsemi Reykjavíkurborgar í Viðey. Jafnframt hefði borgarstjóri stungið upp á nefndu stöðuheiti, og fannst vitninu það vel við hæfi. Að undangengnum umhugsunarfresti hefði vitnið síðan fallist á að taka að sér starfið til reynslu í eitt ár, ef borgaryfirvöld hefðu áhuga á því. Átti vitnið að verða forstöðumaður þessarar borgarstofnunar.

Nokkru eftir að vitnið hafði golið borgarstjóra jáyrði sitt, hefði Ólafur Sigurðsson, fréttamaður hjá RÚV, haft tal af vitninu og farið fram á viðtal við það vegna væntanlegrar stöðu, en Ólafur kvaðst hafa frétt það hjá borgarstjóra, að til stæði að veita vitninu umrætt starf. Vitnið segist jafnan hafa færst undan viðtalinu, þar sem þá hefði ekki enn verið gengið formlega frá ráðningunni í borgarráði. Borgarstjóri hefði síðan sagt fréttamann-

inum, að ekkert væri því til fyrirstöðu, að viðtalið færi fram, þar sem hann teldi fulla samstöðu vera um málið. Samþykkti vitnið þá viðtal það, sem birtist í sjónvarpsfréttum að kvöldi mánudagsins 22. febrúar 1988. Kveðst vitnið þá hafa vitað, að borgarstjóri væri búinn að ræða við meiri hluta borgarráðs um málið, og staðið í þeirri trú, að hann hefði jafnframt kynnt öðrum í borgarráði þessa hugmynd sína, þótt með óformlegum hætti væri.

Vitnið kveðst vita, að málið hafi síðan verið tekið fyrir á fundi borgarráðs 23. febrúar s.á., og hafi þá komið fram athugasemdir frá minni hlutanum. Í framhaldi af fundinum hafi vitnið síðan fengið staðfestingu á ráðningunni og hún miðast við 1. maí 1988. Vitnið hafi þó ekki tekið formlega við mannvirkjum í Viðey fyrr en 18. ágúst s.á., en þá fékk vitnið lykлавöld að staðnum. Frá því í maí og fram í ágúst hafi vitnið verið að kynna sér staðhætti og sögu eyjarinnar, jafnframt því sem það samdi eitt kynningarbækling og fór í kynnisferðir um eyrna með ýmsa gesti. Vitnið hefði hins vegar ekkert starfað úti í Viðey fyrir 1. maí, en minnir, að það hafi einu sinni fyrir þann tíma sótt fund hjá Viðeyjarnefnd, sem þá var undir forsæti Hjörleifs B. Kvarans, sem jafnframt ritaði fundargerðir nefndarinnar.

Vitnið kveður allar ákvarðanir um framkvæmdir í kirkjugarðinum í Viðey hafa verið ákveðnar af Viðeyjarnefnd, áður en vitnið hóf að sækja fundi hennar, og skilst vitninu, að fé hafi verið veitt til einhverra framkvæmda í fjárhagsáætlun borgarinnar fyrir árið 1988, en veit þó ekki, hvaða framkvæmdir hefðu þar verið ráðgerðar. Sjálf hafi vitnið engan þátt átt í ákvörðunum um framkvæmdir í Viðey, hvorki fyrir 1. maí né eftir þann tíma. Vitnið hafi hins vegar verið nefndinni innan handar og m.a. bent nefndarmönnum á, hvernig staðið skyldi að auglýsingum vegna fyrirhugaðra framkvæmda, í samræmi við lög um kirkjugarða. Að undangengnum lögmæltum fresti hafi síðan verið haldinn fundur með ættingjum þeim, sem áttu skyldmenn í grafir í kirkjugarðinum og gefið höfðu sig fram. Var vitnið beðið að sækja þennan fund ásamt Þorsteini Gunnarssyni arkitekt til að útskýra fyrir fundarmönnum hugmyndir Viðeyjarnefndar um það, hvernig staðið skyldi að framkvæmdum við kirkjugarðinn. Ættingjar Gunnars Gunnarssonar rithöfundar hafi ekki komið á fundinn og ekki verið haft samband við þá síðar fremur en aðra aðstandendur, sem gáfu sig ekki fram. Vitnið segir slíkt alls ekki hafa verið í sínum verkahring, enda hafi það ekki átt neitt frumkvæði að framkvæmdunum. Hins vegar hafi verið tekið fram í áður nefndum auglýsingum, að aðstandendur gætu snúið sér til Hjörleifs B. Kvarans.

Vitnið telur, að byggingarstjórinn í Viðey, Magnús Sædal Svavarsson, hafi svo haft umsjón með framkvæmdunum við kirkjugarðinn og verkið farið fram með hefðbundnum hætti. Ekki hefði verið hreyft við neinu nema yfirborði garðsins, en grasflöturinn verið jafnaður, þéttur og sléttaður.

Hefði síðan verið gengið frá legsteinum og öðru samkvæmt óskum þeirra aðstandenda, sem sótt höfðu áður nefndan fund, og í samræmi við mælingar, sem menn á vegum borgarinnar höfðu gert, áður en framkvæmdir hófust. Vitnið hefði hins vegar ekki hugmynd um það, hvenær verkið hófst, og frétti fyrst af því, er blaðamaður DV hringdi til vitnisins og skýrði því frá óánægju ættingja Gunnars Gunnarssonar. Kveðst vitnið skilja vel tilfinningar þessa fólks og þykir eðlilegt, að því hafi verið brugðið, enda kom það að garðinum á mjög slæmum tíma, er hann var orðinn flag.

Vitnið kveður rétt eftir sér haft í umræddri blaðagrein í DV. Segir vitnið það hafa verið ósjálfráð viðbrögð við hringingu blaðamannsins, sem réðu því, að það svaraði fyrir framkvæmdirnar og sagði honum það, sem vitnið vissi sannast og best um málið. Bað vitnið síðan blaðamanninn að birta ekki fregnir af þessum atburði, en með því hafi vitnið viljað koma í veg fyrir, að úlfúð risi út af atvikinu, enda fannst því leiðinlegt, að svona skyldi hafa farið.

Vitnið telur það ekki röskun á grafarhelgi, þótt dráttarvél hafi verið beitt á nýleg leiði í kirkjugarðinum, enda hafi tilgangurinn verið sá að lagfæra og bæta garðinn.

Vitnið kannast ekki við að hafa predikað um flokkspólítísk mál í ræðustóli nema þegar stjórnmalahreyfingar hafi ráðist að trúnni, kirkjunni og hugsjónum hennar, og nefnir þar einkum kommúnista. Í slíkum tilvikum telji vitnið, að prestar hljóti að mega svara fyrir kirkjuna í predikunarstóli.

Þess vegna kannast vitnið ekki við að hafa úthúðað Kvennalistanum í útvarpsmessu haustið 1987 og ekki heldur gagnrýnt aðrar kvennahreyfingar í landinu. Vísar vitnið framburði ákærða þar að lútandi algjörlega á bug og kveðst ekki minnst þess að hafa nokkurn tíma rætt um kvennahreyfingar í stólræðum sínum.

Vitnið kannast hins vegar við að hafa flutt líkræðu við útför Jóhanns Hafsteins, fyrrverandi formanns Sjálfstæðisflokksins. Segir vitnið umrædda ræðu hafa verið unna í hópvinnu vitnisins og aðstandenda hins látna, sem vitnið hafi þekkt, og vöknudu því ósjálfrátt hjá vitninu eigin minningar um þennan mann, sem það rakti stuttlega í ræðunni. Vitnið segir, að því hafi einnig verið falið að jarðsyngja aðra stjórnmalaleiðtoga, svo sem Ólaf Jóhannesson, formann Framsóknarflokksins, og hafi þeim ræðum einnig verið útvarpað. Kveðst vitnið ætíð hafa reynt að gera hinum látnu jafnhátt undir höfði og skýrt frá pólitískum skoðunum þeirra á þann heiðarlegasta hátt, sem því hefði verið unnt. Vitnið segir öllum þessum ræðum hafa verið það sammerkt, að í þeim hafi öðru fremur verið um lýsingu að ræða, en ekki predikun.

Þá segir vitnið, að í kveðjupredikun sinni í dómkirkjunni árið 1988 hafi guðspjall dagsins verið um góða hirðinn, og tók vitnið því fyrir uppeldi

okkar á meðal og benti á, að sér fyndust heimilin þurfa að hlúa betur að uppeldi og heill barnanna, en þeirri ábyrgð væri varpað yfir á skólana, sem önnuðu því ekki. Vegna þessa yrðu slys eins og það, er stytta Tómasar Guðmundssonar var velt af stalli sínum. Því hefði vitnið glaðst, er það frétti, að samþykkt hefði verið á SUS-þingi ályktun þess efnis, að gera ætti foreldrum kleift að vera heima hjá börnum sínum fyrstu æviár þeirra. Hafi vitnið tekið undir þetta í predikun sinni umræddan dag, en gætt þess að minnast alls ekki á viðkomandi stjórnmálahreyfingu. Hafi þarna verið um gamalt baráttumál vitnisins að ræða, sem það hefði oft rætt áður. Þá kveðst vitnið ekki hafa litið svo á, að það væri að ræða um flokkspólitískt mál greindan dag, er það ræddi um ráðhúsið, heldur hafi í orðum þess falist ósk um það, að þetta duglega fólk, sem ynni að björgun tjarnarinnar, tæki frekar saman höndum um að bjarga börnunum. Þannig hefði vitnið óskað þess, að kjörorðið „Tjörnin lifi“ gæti orðið „Börnin lifi“.

Vitnið mótmælir eindregið framburði ákærða um það, að vitnið hafi þröngvað organista dómkirkjunnar úr því starfi. Um hafi verið að ræða mikla samstarfsörðugleika milli organistans, vitnisins og sóknarnefndarinnar. Hafi nefndin síðan ein tekið ákvörðun um það að víkja honum úr starfi, þegar allar sáttaleiðir reyndust árangurslausar. Þá kveður vitnið um einstakt atvik að ræða, er umrædd söngkona hætti að syngja í dómkórnum. Málsatvik hafi verið þau, að kona þessi hafi verið búin að lofa að syngja við jarðarför í Fossvogskirkju ákveðinn dag, en síðan hringt, eftir að athöfnin hófst, og tilkynnt, að hún hefði tafist á einhverri fasteigna- eða lögfræðiskrifstofu. Vitnið hafi sagt henni að koma strax, en hún þó ekki komið fyrr en nokkuð var liðið á athöfnina. Vitnið hafi síðan sagt konunni, að slíka framkomu gæti það ekki sætt sig við, þ.e., að söngfólk lofi að syngja með kórnum, en láti síðan aðra hluti ganga fyrir. Konan hafi brugðist við á þann hátt að segja, að hún gæti þá bara farið. Hefði því ekki verið um brottrekstur að ræða og vitnið ekkert haft á móti því, að hún tæki aftur sæti í kórnum. Vitnið segir samtal þetta hafa farið fram eftir umrædda athöfn, og hefðu einhverjir kórfélagar verið nærstaddir.

Vitnið segir, að kirkjugarðurinn í Viðey hafi aldrei heyrt undir Dómkirkjuprestakall, þrátt fyrir það að kirkjan hefði verið afhent Reykjavíkurborg í ágúst 1986, heldur verið undir stjórn kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæmis.

Vitnið segir, að hvorki hafi verið gerður við sig skriflegur ráðningarsamningur né heldur hafi það fengið í hendur erindisbréf, sem lýsti því, í hverju starf staðarhaldara í Viðey væri fólgið, enda óljóst í upphafi, hvernig það yrði. Vitnið vissi þó frá upphafi, að því hefði verið falið að vera fulltrúi borgaryfirvalda í Viðey. Þá hafi vitninu strax verið bent á að kynna sér samþykkt um réttindi og skyldur borgarstarfsmanna.

Vitnið Hjörleifur Böðvarsson Kvaran, kt. 030351-3719, hefur staðfest, að það sé formaður Viðeyjarnefndar og hafi verið það frá 1. október 1987. Það kveður nefndina hafa yfirstjórn allra framkvæmda í Viðey, og hafi hún m.a. ákveðið um lagfæringu á kirkjugarðinum. Framkvæmdirnar hafi áður verið kynntar í borgarráði og borgarstjórn og sérstök fjárveiting verið ætluð þessu verkefni á fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir árið 1988. Vitnið kveður séra Þóri Stephensen þar engan hlut hafa átt að máli. Hann hafi ekki setið í Viðeyjarnefnd og ekki sótt fundi hennar fyrr en eftir 1. maí 1988. Þó segir vitnið nefndina einu sinni fyrir þann tíma, í mars s.á., hafa kallað séra Þóri fyrir sig og m.a. kynnt honum þær framkvæmdir, sem fyrirhugaðar hefðu verið í kirkjugarðinum í Viðey.

Vitnið segir, að kirkjugarðurinn hafi verið orðinn afar illa farinn, mis-hæðóttur og í slæmu ásigkomulagi. Hafi því verið ráðgert að endurhlaða vegg kringum garðinn, slétta garðflötinn og gera garðinn aðgengilegan fyrir alla þá, sem til eyjarinnar kæmu. Áður hefðu framkvæmdir þessar verið auglýstar, svo sem lög um kirkjugarða' mæltu fyrir.

Vitnið kveður ekki óeðlilegt, að blaðamaður DV hafi leitað til séra Þóris á sínum tíma vegna framkvæmdanna við kirkjugarðinn, enda hafi hann þá verið tekinn við starfi staðarhaldara og sem slíkur fulltrúi Reykjavíkurborgar í Viðey, er bæri að veita vitneskju um starfsemi borgarinnar í eyinni. Vitnið kveðst hins vegar ekki myndu hafa bent fréttamönnum á að snúa sér til séra Þóris vegna framkvæmdanna, heldur hefði það svarað fyrirspurnum þeirra sjálf.

Vitnið Aðalsteinn Steindórsson, kt. 011021-4179, segir, að öll megin-sjónarmið sín varðandi mál þetta komi fram í áðurnefndri blaðagrein, sem vitnið ritaði vegna málsins. Vitnið kveðst halda, að séra Þórir Stephensen hafi verið hafður með í ráðum, er Viðeyjarnefnd tók ákvörðun um framkvæmdirnar í kirkjugarðinum. Þá hafi einnig verið haft samráð við vitnið, en það ekki verið viðstatt framkvæmdirnar sjálfar og ekki komið út í eyna, fyrr en þeim var að fullu lokið. Vitnið segist hafa haldið, að ekki ætti að hrófla við leiði Gunnars Gunnarssonar rithöfundar, og hélt, að svo hefði ekki verið gert, enda ekki séð nein ummerki þess, er það kom út í eyna að verkinu loknu. Þá heldur vitnið, að ekki hafi verið hróflað við öðru en yfirborði „garðflatarins“, en með garðfleti eigi vitnið við það svæði, sem er á milli legstaða. Sum leiðin væru þó svo gömul, að ekki væri lengur sjáanlegur munur á þeim og garðfletinum.

Vitnið Gunnar Gunnarsson, kt. 020845-7599, kannast við að hafa rætt við blaðamann DV í júlí 1988 vegna framkvæmdanna í kirkjugarðinum í Viðey, en þar séu faðir vitnisins, afi þess og amma jörðuð. Vitnið kveðst ekki vita, af hverju blaðamaðurinn hafði tal af því, og vissi ekki til þess, að hann hefði vitað, að vitnið hefði þá nýlega verið úti í eyju að vitja leiða

ættingja sinna og komið að leiðunum, þar sem búið var að rífa burt allan grasflötinn og leggja legsteinana í hrúgu með öðrum minnismerkjum. Segir vitnið aðkomuna hafa komið sér í opna skjöldu og því illa brugðið við að sjá kirkjugarðinn í rúst, sérstaklega þar sem sjá mátti hjólför í garðinum eftir dráttarvél. Slíkt hafi vitninu fundist fara nærri því að vera helgisþjöll. Vitnið kveðst hafa látið móður sína vita, og varð henni einnig mikið um þetta.

Vitnið kveður sér hafa fundist einna sárast, að yfirvöld skyldu hvorki hafa samband við sig né aðra aðstandendur, áður en ráðist var í framkvæmdirnar, og höfðu þau því ekki hugmynd um þær, fyrr en verið var hafið. Segir vitnið, að ættingjarnir hefðu ef til vill ekki gert neinar athugasemdir við framkvæmdirnar og samþykkt þær, ef þetta hefði verið gert. Meðan á framkvæmdunum stóð, hafi hins vegar einhver á vegum Reykjavíkurborgar eða kirkjugarða þjóðkirkjunnar hringt til vitnisins og tjáð því, að slétta ætti garðinn og setja legsteinana aftur ofan á slétt túnið. Vitnið gerði engar athugasemdir við þetta, en óskaði eftir því, að leiði forfeðra þess yrðu hækkuð upp. Þannig séu þau nú, og segir vitnið kirkjugarðinn nú vera afar fallegan.

Vitnið segir, að föðurforeldrar þess hafi látist 1975 og 1976, og hafi amma þess dáið síðar. Þá væru ellefu ár, síðan faðir þess var jarðaður í Viðey. Engu að síður fannst vitninu vera um nýlega gróf að ræða. Leiðin þrjú hafi öll verið í mun betri hirðu en flest hinna í garðinum og merkt nafni hinna látnu.

Lögð hafa verið fram gögn um það, að fyrirhugaðar framkvæmdir í kirkjugarðinum í Viðey hafi verið auglýstar, bæði í Lögbirtingablaði og ríkisútlitum.

Einnig hefur verið lagt fram í málinu svohljóðandi bréf Ólafs Sigurðssonar, fréttamanns hjá RÚV, til séra Þóris Stephensens, sem dagsett er 28. september 1988:

„Þar sem mér skilst, að viðtal mitt við þig 22. febrúar síðastliðinn hafi valdið einhverjum misskilningi innan borgarstjórnar, vil ég gjarnan skýra, hvernig það kom til, ef það mætti verða til að eyða honum.

1. Í samræðum við borgarstjóra um önnur málefni kom fram, að uppi væru hugmyndir um að ráða þig staðarhaldara í Viðey. Ég lýsti þegar áhuga á að hafa við þig viðtal um málið. Borgarstjóri minnti á, að þetta væri ekki frágengið mál, en taldi viðtal skaðlaust, þar sem hann hefði ekki orðið var missættis um þá hugmynd, að þú yrðir ráðinn, frekar en annað, sem að málefnum Viðeyjar hafi snúið.

2. Borgarstjóri féllst á, að ég hefði samband við þig á grundvelli míns sjónarmiðs að fá að vera fyrstur með þessa frétt, sem við fréttamenn ævinlega reynum.

3. Þú lýstir þegar efasemdum, en féllst á viðtal, eftir að hafa haft samráð við borgarstjóra. Rétt er, að fram komi, að þess var skýrt getið að þinni ósk, að ráðning þín væri ekki frágengin.

Mér þykir leitt, að þetta viðtal skuli hafa valdið misskilningi. Það er alfarið (sic) til komið fyrir mína forgöngu, annars vegar vegna áhuga á fréttum og hins vegar fyrir áhuga á málefnum Viðeyjar. Ég vona, að með þessu bréfi geti ég komið í veg fyrir, að ágæt samstaða stjórnámálanna í Reykjavík um endurreisn Viðeyjar rofni, enda hér um framtak að ræða, sem bæjarbúum virðist falla vel í geð.“

Þá hefur borgarstjórinn í Reykjavík í bréfi, dagsettu 11. janúar 1989, til áðurnefnds lögmanns séra Þóris upplýst eftirfarandi:

„Í byrjun sl. árs fór ég þess á leit við sr. Þóri Stephensen dómkirkjuprest, að hann tæki að sér umsjón og eftirlit með eignum og væntanlegri starfsemi Reykjavíkurborgar í Viðey. Lagði ég til, að starfsheiti hans yrði staðarhaldari, sem mér þótti vel við hæfi. Eftir nokkra athugun varð um það munnlegt samkomulag okkar í millum, að sr. Þórir tæki þetta starf að sér. Samkomulagið lagði ég fyrir borgarráð 23. febrúar 1988, sem samþykkti ráðningu hans, sbr. meðfylgjandi ljósrit af ráðningarbréfi, dags. 24. febrúar s. á.“

Einnig liggur frammi í málinu bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dagsett 20. apríl 1990, þar sem fram kemur, að séra Þóri, sem skipaður hafði verið sóknarprestur í Dómkirkjuprestakalli í apríl 1973, hafi verið veitt launalaust leyfi frá þeim störfum í eitt ár, frá 15. júní 1988 að telja. Jafnframt segir í bréfinu, að honum hafi frá 15. júní 1989 verið veitt lausn frá því embætti.

Loks þykir rétt að geta framlagðs bréfs lögfræði- og stjórnsýsludeildar borgarverkfræðings, dagsetts 11. janúar 1991, sem Hjörleifur B. Kvaran ritaði vegna þessa máls að frumkvæði ákærvaldsins og staðfest hefur verið fyrir dóminum. Bréfið, sem ber fyrirsögnina: „Staðarhaldari í Viðey. Starfslýsing“, er svohljóðandi:

„Borgarráð Reykjavíkur samþykkti 23. febrúar 1988 að ráða sr. Þóri Stephensen dómkirkjuprest til að gegna starfi staðarhaldara í Viðey um eins árs skeið frá og með 1. maí það ár, en hann var þann tíma í launalausum leyfi frá starfi dómkirkjuprests.“

Þar sem hér var um nýtt starf að ræða, var það í upphafi ómótað, en þær skyldur, sem þar kölluðu, sköpuðu fljótt ákveðinn og mótandi farveg. Það var og strax ákveðið, að staðarhaldarinn væri fulltrúi Reykjavíkurborgar í Viðey. Hann fékk þar starfsaðstöðu, en skrifstofa staðarhaldara var stofnuð í landi.

Staðarhaldari hóf þegar störf að undirbúningi opunarhátíðar, en sinni jafnframt öðru, svo sem hópum, sem til eyjarinnar leituðu, og hóf fræðslu-

starf um sögu eyjarinnar. Á opnunarhátíðinni, 18. ágúst 1988, tók hann við lykklum Viðeyjarstofu og Viðeyjarkirkju og hefur síðan haft umsjón með öllu starfi þar. Hann hefur svo tekið við öðrum þeim framkvæmdum, sem byggingardeild borgarverkfræðings hefur lokið við í Viðey, og séð um þær síðan. Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæmis sjá þó um hirðingu og viðhald Viðeyjarkirkjugarðs.

Að fenginni eins árs reynslu varð það að samkomulagi milli sr. Þóris og borgaryfirvalda, að hann tæki fullnaðarráðningu í starfið.

Staðarhaldari er forstöðumaður borgarstofnunarinnar Viðeyjar og sér þar um allan rekstur. Honum til aðstoðar eru tveir fastir starfsmenn og aukafólk sumartímanna. Staðarhaldari kemur fram fyrir hönd borgarinnar, sér um að kynna Viðey sem sögustað, útivistarsvæði og veitinga- og ráðstefnustað. Hann hefur samið fræðslurit um Viðey, og hefur það komið út í fimm útgáfum á íslensku, en í tveimur útgáfum á dönsku, ensku og þýsku. Staðarhaldari hefur komið fram fyrir hönd borgarstjóra sem gestgjafi hópa, er Reykjavíkurborg hefur boðið til móttöku í Viðey. Hann skipuleggur allt messuhald í Viðeyjarkirkju og annast það sjálfur að hluta til. Hann skipuleggur gönguferðir um eyna og er oft leiðsögumaður. Það er einnig í verkahring hans að sjá um, að ekki sé spillt gróðri og dýralífi í eyinni. Staðarhaldara ber að sjá um, að samgöngur við eyna séu eins og um er samið.

Í samningum við rekstraraðila veitingahússins í Viðeyjarstofu og Viðeyjarferða er tekið fram, að staðarhaldari sé fulltrúi Reykjavíkurborgar í eyinni, og beri þessum aðilum að snúa sér til hans með málefni sín og hlíta fyrir mælum hans.

Í raun má segja, að starfið sé sambærilegt við embætti þjóðgarðsvarðar á Þingvöllum.

Staðarhaldari er hinn opinberi aðili, sem þeir, er leita eftir einhverri þjónustu á vegum Reykjavíkurborgar í Viðey, eiga að snúa sér til, einnig þeir, sem þar hafa tekið að sér rekstur á vegum borgarinnar eða fyrir hana.

Staðarhaldari hefur frá upphafi tekið laun samkvæmt samningum Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar. Hann greiðir í Lífeyrissjóð starfsmanna Reykjavíkurborgar. Hann nýtur þeirra réttinda og ber þær skyldur, sem kveðið er á um í reglugerð um réttindi og skyldur starfsmanna Reykjavíkurborgar.

Niðurstöður.

Því er haldið fram af hálfu ákærða, að Þórir Stephensen sé ekki opinber starfsmaður í skilningi 108. gr. almennra hegningarlaga og hafi ekki verið það í júlí 1988, er atvik þau gerðust, sem mál þetta er risið af. Verður því fyrst tekin afstaða til þessa, þ.e., hvort séra Þórir hafi á umræddum

tíma notið verndar téðs lagaákvæðis, annars vegar sem staðarhaldari í Viðey.

Fram er komið í málinu, að séra Þóri var veitt tímabundið leyfi frá störfum dómkirkjuprests frá 15. júní 1988 til 15. júní 1989, er honum var veitt lausn frá því embætti. Telur dómurinn því ótvírætt, að hann hafi á þeim tíma, sem hér skiptir máli, gegnt opinberu starfi og því notið verndar ofangreinds lagaákvæðis.

Á fundi borgarráðs Reykjavíkur 23. febrúar 1988 var samþykkt að ráða séra Þóri Stephensen til að gegna starfi staðarhaldara í Viðey frá 1. maí s.á. að telja til eins árs. Komið var á fót skrifstofu í landi af því tilefni, en jafnframt fékk staðarhaldari starfsaðstöðu úti í eyju. Hér var um nýtt starf að ræða, sem var ómótað í upphafi, en þegar var þó ákveðið, að staðarhaldari skyldi vera fulltrúi borgaryfirvalda í Viðey og hafa þar umsjón og eftirlit með eignum og væntanlegri starfsemi borgarinnar þar. Til eignanna taldist þá langmestur hluti eyjarinnar ásamt hinum sögufrægu mannvirkjum, Viðeyjarstofu og Viðeyjarkirkju, sem endurheimt höfðu fyrri reisu, eftir að þau komust í eigu Reykjavíkurborgar. Á þessum tíma var haldið uppi skipulögðum skoðunarferðum út í eyna og rekstri veitingasölu og þjónustumiðstöðvar. Var staðarhaldara einnig falið að hafa umsjón með þessari þjónustu f.h. borgarinnar gagnvart þeim aðilum, sem höfðu reksturinn með höndum. Þegar þetta allt er virt, þykir verða að líta svo á, að með ráðningu séra Þóris sem staðarhaldara hafi borgaryfirvöld falið honum það ábyrgðarstarf að vera forráðamaður umræddrar borgarstofnunar í umboði borgaryfirvalda. Þykir þar engu breyta, þótt ráðningin hafi aðeins verið um stundarsakir og hvorki verið gerður við séra Þóri skriflegur ráðningarsamningur né honum fengið sérstakt erindisbréf, sem lýsti því, í hverju starfið skyldi fólgið, enda hefur hann gegnt starfinu í reynd frá upphafi og borið skylda til trúnaðar og hlýðni gagnvart yfirboðurum sínum. Verður því ekki ályktað á annan veg en séra Þórir Stephensen hafi á umræddum tíma sem staðarhaldari verið opinber starfsmaður í skilningi 108. gr. almennra hegningarlaga og njóti því verndar téðs lagaákvæðis.

Svo sem áður er rakið, segir ákærði frétt í DV 12. júlí 1988 um framkvæmdir við kirkjugarðinn í Viðey vera kveikjuna að því, að hann ritaði blaðagrein þá, sem síðan varð tilefni ákæru í málinu. Telur ákærði séra Þóri Stephensen bera siðferðislega, ef ekki lagalega ábyrgð á umræddum framkvæmdum, en með þeim hafi verið gengið mun lengra en borgarráð hefði áður samþykkt. Hafi m.a. verið sléttað yfir öll leiði í garðinum og til þess verið notuð dráttarvél. Með verkinu segir ákærði hafa verið unnið ófyrirgefanlegt skemmdarverk á þessum heilaga stað, sem séra Þórir beri ábyrgð á.

EKKI verður fallist á þessi sjónarmið ákærða. Telur dómurinn þvert á

móti leitt í ljós með vætti vitna og öðrum gögnum málsins, að allar ákvarðanir vegna fyrirhugaðra framkvæmda við kirkjugarðinn hafi verið í höndum Viðeyjarnefndar og verkið verið ákveðið, áður en séra Þórir tók við starfi staðarhaldara. Átti hann því engan hlut að þeim ákvörðunum, sem síðan urðu tilefni blaðaskrifanna í DV. Þá er fram komið í málinu, að umsjónarmanni kirkjugarða þjóðkirkjunnar var í apríl 1988 falið að auglýsa fyrirhugaðar framkvæmdir í samræmi við lög um kirkjugarða, og átti séra Þórir þar engan hlut að máli annan en þann, að hann hafði áður bent Viðeyjarnefnd á það, að ekki væri heimilt að ráðast í framkvæmdirnar nema að undangengnum lögmæltum auglýsingum. Sjálf framkvæmd verksins var síðan falin sérstökum byggingarstjóra, og verður ekki heldur séð af gögnum málsins, að séra Þórir hafi átt þar nokkurn hlut að máli. Að öllu þessu athuguðu telur dómurinn gagnrýni ákærða á umræddar framkvæmdir ranglega að séra Þóri beint.

Verður nú vikið nánar að blaðagrein ákærða og tekin afstaða til einstakra ummæla í henni, sem ákært er fyrir.

A. Inngangsorð.

Leitt er í ljós, svo sem að framan greinir, að þau ummæli ákærða, að séra Þórir Stephensen „...skipaði sig sjálfur staðarhaldara í Viðey ...“, eru röng. Þó þykir ljóst, að ummælin hafi ekki átt að skilja í bókstaflegri merkingu, heldur hafi ákærði á greindum tíma verið að vísa til þeirrar aðferðar, sem notuð var við ráðningu séra Þóris í starf staðarhaldara og honum fannst gagnrýnisverð. Þykja ummælin óviðeigandi, en verða ekki talin ærumeiðandi að mati dómsins.

Í framhaldi af ofangreindum ummælum segir, að séra Þórir sé farinn að láta hendur standa fram úr ermum þar (þ.e. í Viðey). Segir svo í beinu framhaldi: „Ekki er athæfi hans kristilegt,...“. Telur dómurinn ummæli þessi vera móðgun við séra Þóri út af starfi hans sem staðarhaldara, enda er hann með þeim bendlaður við framkvæmdir við kirkjugarðinn í Viðey, sem honum voru sannanlega með öllu óviðkomandi. Ekki verður þó tekin afstaða til þess í málinu, hvort ummælin séu refsiverð að þessu leyti, þar sem ákærða er í ákæru aðeins gefið að sök að hafa viðhaft þau ummæli um séra Þóri út af starfi hans og embættisþjónustu sem dómkirkjuprests, og þykja þau sem slík ekki refsiverð samkvæmt 108. gr. almennra hegningarlaga, þar sem þau verða ekki talin beinast að starfi séra Þóris sem prests.

Með orðunum í framhaldi af ofangreindu, „... enda hafa pólitískar skoðanir hans og ráðríki ætíð komið á undan kristilegum náungakærleik ...“, er ákærði enn að dylgja um það, að séra Þórir eigi hlut að framkvæmdunum við kirkjugarðinn í Viðey. Er hann sem prestur jafnframt borinn þung-

um sökum og vændur um annarlegar hvatir í starfi, án þess að nokkrar sönnur séu að því færðar af hálfu ákærða. Þykja ummælin fela í sér refsiverða móðgun og ærumeiðandi aðdróttun í garð séra Þóris.

B. Ummæli í meginmáli greinarinnar.

1. Ummælin „... sjálfskipaðs staðarhaldara í Viðey ...“ þykja samkvæmt framanrituðu óviðeigandi, en verða ekki talin ærumeiðandi.

2. Ummælin „... sjálfur skipað sig staðarhaldara í Viðey ...“ og „... borgarráð bjargaði honum fyrir horn ...“ eru einnig óviðeigandi og þykja móðgandi, eins og þau eru sett fram í greininni, þótt ekki verði þau heldur talin refsiverð.

3. Með ummælunum: „Reyndar hefur hann sýnt í stólræðum sínum, þar sem hann blandar pólitík inn í orð Guðs, og með spjöllunum í Viðey, að hann er alls óhæfur til að gegna þessum embættum. Þess vegna ætti hann að víkja“ — er séra Þóri enn borið á brún annars vegar að hafa í prestsdæmi sínu látið pólitískar skoðanir ganga fyrir kristilegum náungakærleik og hins vegar að vera viðriðinn framkvæmdirnar við kirkjugarðinn í Viðey, sem ljóst er, að hann kom hvergi nærri.

Dómurinn lítur svo á, að með ummælum þessum sé ákærði að tilgreina tvö óskyld atriði, sem hvort um sig eigi að valda því, að séra Þórir sé óhæfur til að gegna þessum „embættum“. Beinist fyrri hlutinn að honum sem presti (sbr. a-lið hér að neðan), en hinn síðari (b-liður) sem staðarhaldara. Þykir því verða að gera grein fyrir ummælunum í tvennu lagi, og ber þá að hafa í huga, að ákærða er aðeins gefið að sök í ákæru að hafa viðhaft ofangreind ummæli um séra Þóri út af starfi hans sem dómkirkjuprests, en ekki út af starfi hans sem staðarhaldara í Viðey.

a) Séra Þórir hefur ekki dregið dul á það, að hann sé fylgismaður stefnu Sjálfstæðisflokksins og að hann hafi í stólræðum sínum minnst á landsmál, sem pólitísk kunna að teljast, samanber „ráðhúsmálið“ og ályktun Sambands ungra sjálfstæðismanna um vernd fjölskyldunnar og hækkun barnabóta, sem hann vék að í kveðjupredikun sinni í dómkirkjunni í apríl 1988. Þá er upplýst, að séra Þórir kom fram í auglýsingum fyrir Sjálfstæðisflokkinn í tilefni kosninga til Alþingis árið 1987.

Þessi ummæli ákærða þykja engu að síður ærumeiðandi, eins og þau eru sett fram, enda er berlega gefið í skyn, að séra Þórir hafi í starfi sínu sem prestur misnotað aðstöðu sína til að koma á framfæri pólitískum skoðunum sínum, og hafi kveðið svo rammt að þessu, að hann hefði átt að víkja úr embætti af þeim sökum. Eru þetta alvarlegar ásakanir í garð prests.

b) Síðari ummælin eru sannanlega röng, svo sem áður er rakið, en þykja hins vegar ekki beinast að starfi séra Þóris sem dómkirkjuprests og eru því ekki refsiverð samkvæmt 108. gr. almennra hegningarlaga.

C. *Ummæli í meginmáli greinarinnar, sem endurtekin eru innan tilvitnunar undir mynd af ákærða.*

Með ummælunum „... ófyrirgefanlegu skemmdarverki ...“ brigslar ákærði séra Þóri enn um hlut að ákvörðunum og framkvæmd við lagfæringu á kirkjugarðinum í Viðey, sem honum var með öllu óviðkomandi. Þykja ummælin fela í sér refsiverða aðdróttun í garð séra Þóris út af starfi hans sem staðarhaldara, en beinast ekki að starfi hans og embættisþjónustu sem dómkirkjuprests og varða að því leyti ákærða ekki refsingu samkvæmt 108. gr. almennra hegningarlaga.

Með ummælunum „skinheilagur maður“ um séra Þóri er honum borið á brýn, að hann sé hræsnari. Verður að telja þetta svæsin ummæli um prest og bera vott um þungan hug ákærða til séra Þóris, enda fram komið í málinu, að ákærða var á þeim tíma, er ummælin féllu, fullkomlega ljós merking orða sinna. Þykir hann með nefndum orðum hafa vegið stórlega að æru séra Þóris, og varðar brot hans við 108. gr. almennra hegningarlaga.

Samkvæmt framansögðu teljast ummælin í ákæruliðum A, 1. og 2. málslið, B, 1.-2. tölulið og 3. tölulið að hluta, og loks C, fyrri málslið að hluta, ekki ærumeiðandi, og ber því að sýkna ákærða af broti gegn ákvæði 108. gr. almennra hegningarlaga með birtingu þeirra.

Þegar litið er á grein ákærða í heild, þykir hún að álitu dómsins vera ósvífin og móðgandi, og fær dómurinn ekki séð, hvað honum gekk til með skrifunum, sem verða sannarlega ekki virt sem grundvöllur að þjóðfélagslegri umræðu um framkvæmdirnar við kirkjugarðinn, svo sem haldið er fram, enda virðast málefni kirkjugarðsins gleymast fljótt í greininni, þar sem ákærði snýr sér að harkalegri og persónulegri gagnrýni á séra Þóri, bæði út af fyrri störfum hans sem dómkirkjuprests og starfi hans sem staðarhaldara. Verður því ekki ályktað á annan veg en illfýsi ákærða í garð séra Þóris hafi vegið þyngst við ritun greinarinnar, enda þótt ekki megi líta fram hjá áhuga ákærða á menningarlegu og sögulegu gildi staðarins sem þátt í ritun hennar. Þykir greinin, að því er varðar önnur tilgreind ummæli en þau, sem að ofan getur, fela í sér móðganir og ærumeiðandi aðdróttanir í garð séra Þóris, enda borin fram á óviðurkvæmilegan hátt og því til þess fallin að meiða æru hans. Er það mat dómsins, að ákærði hafi með nefndum ummælum brotið gegn 108. gr. almennra hegningarlaga, enda þykir hann með ummælum sínum, er refsiverð teljast, hafa farið út fyrir þau mörk tjáningarfrelsis, sem 72. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33, 1944, verndar.

Þá telur dómurinn ákvæði Mannréttindasáttmála Evrópu, sem Ísland gerðist þjóðréttaraðili að 29. júní 1953, ekki veita ákærða óskoraðan rétt til að setja fram hugsanir sínar á prenti án þess að þurfa að ábyrgjast þær fyrir dómstólum, en af hálfu ákærða er því haldið fram, að ákvæði sáttmál-

ans gangi framar íslenskum lögum, og beri að beita þeim fyrir íslenskum dómstólum, þegar hérlend lög fá ekki samrýmst þeim. Er sérstaklega bent á 1. mgr. 10. gr. sáttmálans, þar sem segir, að hver maður eigi rétt til að láta í ljós álit sitt, og felist í því frelsi til að ráða skoðunum sínum og fá að miðla vitneskju og hugmyndum án afskipta stjórnvalda. Telur verjandi ákærða, að samkvæmt þessu ákvæði verði ákærða ekki refsað fyrir skoðanir sínar, sem fram komi í umræddri blaðgrein, þótt deila megi um réttmæti þeirra. Dómurinn telur ekki efni til að fallast á þessi sjónarmið verjandans, eins og máli þessu er farið, enda þykir ákærði með ritun greinarrinnar hafa vegið alvarlega að æru prestlærðs manns, annars vegar út af störfum hans og embættisþjónustu sem dómkirkjuprests og hins vegar út af opinberu starfi hans á vegum Reykjavíkurborgar. Girðir mannréttinda-sáttmálinn ekki fyrir, að refsað verði fyrir slík ummæli, sem ákærði viðhafði í grein sinni, enda segir berum orðum í 2. mgr. 10. gr. sáttmálans, að heimilt sé að setja tjáningarfrelsinu þau skilyrði og takmarkanir, sem mælt er fyrir í lögum, enda séu þær nauðsynlegar í lýðfrjálsu þjóðfélagi, m.a. til að vernda mannorð annarra. Er það álit dómsins, að slík nauðsyn sé í máli þessu, og tálmi sáttmálinn því ekki, að íslenskum lögum verði beitt við dómsniðurstöðu í málinu.

— — —

Sakaferill.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt eftirtöldum kærnum og refsingum:

- 1988 29/9 Sakadómur Rvík. Sátt: 8.000 kr. sekt f. brot g. 36. og 37. gr. umfl.
- 1989 20/6 Sakadómur Rvík. Dómur: 40.000 kr. sekt f. brot g. 108. gr. alm. hgl. Ummæli í blaðgrein dæmd dauð og ómerk. Dæmdur til greiðslu miskabóta.
- 1990 17/5 Dómur Hæstaréttar í ofangr. máli frá 20/6 '89: Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð eru felld úr gildi, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Refsing og önnur viðurlög.

Dæma ber ákærða refsingu í málinu með hliðsjón af 78. gr. almennra hegningarlaga. Við ákvörðun refsingarinnar ber annars að hafa í huga, að framangreind ummæli, sem sakfelld er fyrir, þykja sérlega meiðandi og móðgandi og hafa á engan hátt verið réttlætt. Þá er fram komið í málinu, að ummælunum vegna framkvæmdanna við kirkjugarðinn í Viðey var ranglega beint að séra Þóri, sem engan hlut átti þar að máli. Samkvæmt þessu og öðru framansögðu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 60.000

króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 20 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins.

Þess er krafist í ákæru, að þau ummæli, sem ákært er fyrir, verði dæmd dauð og ómerk samkvæmt 1. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga. Af hálfu ákærða er þessari kröfu mótmælt. Það er mat dómsins, að taka beri kröfu ákæruvaldsins til greina að fullu og dæma hin átöldu ummæli í blaðagrein ákærða dauð og ómerk, enda telur dómurinn þau öll vera óviðurkvæmileg, þótt ekki teljist þau öll refsiverð.

Séra Þórir Stephensen hefur krafist þess, að sér verði tildæmdar 305.000 krónur í miskabætur vegna umræddra ummæla ákærða að viðbættum hæstu innlánsvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25, 1987, frá 6. febrúar 1991 til greiðsludags. Ákærði mótmælir eindregið kröfunni og kveður hana vera út í hött. Það er mat dómsins, að kröfu þessa beri að taka til greina, með vísan til 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga, þó þannig, að bæturnar þykja hæfilega ákveðnar 150.000 krónur. Dæma ber ákærða til að greiða vexti af þessari fjárhæð, sem ákveðast almennir vextir samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25, 1987, sbr. 2. gr. laga nr. 67, 1989, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Þá hefur séra Þórir krafist þess, að sér verði tildæmdar 60.000 krónur úr hendi ákærða til að standa straum af kostnaði við birtingu dómsins í fjölmiðlum. Hefur ákæruvaldið tekið undir kröfuna við munnlegan flutning málsins. Krafa þessi, sem styðst við ákvæði 2. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga, var fyrst sett fram við meðferð málsins, og er hennar hvergi getið í ákæru. Ber því samkvæmt 3. mgr. 118. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74, 1974, að vísa henni frá dómi.

Sakarkostnaður.

Samkvæmt 141. gr. laga um meðferð opinberra mála ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað í málinu, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ragnars Aðalsteinssonar hrl., sem hvor um sig þykja með vísan til umfangs málsins hæfilega ákveðin 180.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Hallur Magnússon, greiði 60.000 krónur í sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins, en sæti ella varðhaldi 20 daga.

Ummæli þau í grein ákærða í 158. tbl. 72. árg. dagblaðsins Tímans, sem ákært er fyrir í málinu, skulu öll vera dauð og ómerk.

Ákærði greiði séra Þóri Stephensen 150.000 krónur í miskabætur ásamt almennum vöxtum frá 6. febrúar 1991 til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þ.m.t. saksóknarlaun til ríkis-
sjóðs, 180.000 krónur og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns,
Ragnars Aðalsteinssonar hrl., 180.000 krónur.
